

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðunum.

Af hálfu gerðarþola er mætt í réttinum að tilhlutan fógætans Kristín Friðbertsdóttir, sem hér starfar, og skoraði fógæti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógæti þá á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Var þá skrifað upp:

Eignarhluti eiginkonu Ingiríðar Leifsdóttur í Álfheimum 13, efstu hæð ( $\frac{1}{7}$  hl. efstu hæðar), í sameign með öðrum.

Fallið er frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindum eignarhluta eiginkonu gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Fleira ekki tekið fyrir.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

---

Mánudaginn 29. nóvember 1976.

Nr. 224/1976. **Ákærvaldið**

gegn

**Sigurpáli Eiríki Garðarssyni.**

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 25. s.

m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 5. tl. 67. gr. nefndra laga og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1976.

Ár 1976, mánudaginn 22. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, fæddur 26. nóvember 1934, hefur viðurkennt að hafa hinn 12. þ. m. í félagi við annan mann hrifsað tösku af konu, sem stödd var í Fótóhúsinu, Þingholtsstræti 1 hér í borg. Í veskinu var útfyllt ávísun á Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 31.340, og var Ingvar Diðrik Júníusson fenginn til að framselja hana og selja. Fénu eyddi kærði ásamt félögum sínum. Í veskinu var einnig ávísanahefti á Verslunarbanka Íslands, og eru þegar komnar fram tvær ávísanir, sem Jens Emil Snæbjörnsson hefur falsað, en kærði Sigurpáll Eiríkur falsaði framsal og seldi. Ávísanir þessar eru að fjárhæð kr. 27.000 og 23.400. Fénu hefur verið eytt. Þá telur kærði líklegt, að hann hafi falsað og selt eina ávísun til, og telur hana hafa verið að fjárhæð kr. 20.000. Ávísun þessi hefur enn ekki komið fram.

Hinn 26. apríl sl. var Sigurpáll Eiríkur úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald vegna auðgunarbrot, og sat hann allan tímann. Hinn 10. september sl. var kærði enn úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna innbrots, og sat hann sömuleiðis allan þann tíma.

Kærði Sigurpáll Eiríkur er vanaafbrotamaður, sem hlotið hefur 6 fangelsisdóma á sl. 5 árum fyrir auðgunarbrot. Hann var látinn laus af vinnuhælinu á Litla-Hrauni hinn 30. ágúst sl., þar sem hann lauk afplánun 10 mánaða fangelsisdóms fyrir þjófnað og skjalafals.

Dómara er kunnugt um, að ríkissaksóknari hefur með útgáfu ákæruskjals, dags. 8. október sl., höfðað mál á hendur kærða fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals. Mál þetta verður þingfest á morgun, 23. nóvember.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, og verður að miða lengd gæsluvarðhaldstímans við það, að kærði verði ekki látinn laus, á meðan málum hans er ólokið. Þar sem kærði hefur játað háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 245. gr. almennra hegningarlaga, eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 90 dögum.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1976.

Nr. 3/1975. M

gegn

K.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Óskað álitsgerðar Læknaráðs.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aður en dómur gengur í Hæstarétti í máli þessu, þykir rétt, að Læknaráð láti að nýju í té álitsgerð um, hvort barnið B, fæddur 15. júlí 1970, geti verið ávöxtur samfara aðilja málsins 14. eða 15. desember 1969, og séu þá m. a. tekin til athugunar gögn þau í málinu, sem aflað hefur verið, eftir að Læknaráð fjallaði um málið fyrra sinni.